

Auga Guðs

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið er að nemendur þjálfist í vefnaði, að meta eigin verk og vinna með liti og samsetningar, ásamt því að gera mælingar í stöðluðum einingum.

Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Textílmennt, myndmennt og stærðfræði.

Aldur: Yngsta stig.



VERKLÝSING

Nemendur fara út í skóg og ná í greinar. Þeir þurfa að mæla þær og velja jafnsverar greinar sem eru nokkuð beinar.

Nemendur velja garn til að nota, 4-5 liti, og vefja lítinn hnykil af hverjum lit.

Nemendur leggja greinarnar í kross og vefa utan um þær með garninu frá vinstri til hægri. Passa þarf að fara einn hring utan um hverja grein áður en haldið er áfram í þá næstu. Einnig þarf að brýna fyrir nemendum að fara ávallt sama hringinn, þ.e. í sömu átt, þannig að þeir lendi ekki í vandræðum með vefinn.

Gaman er að enda á því að hengja verkefnið upp í lok vinnunnar, sérstaklega ef hægt er að hengja þau í stóra glugga eða hreinlega á vordegi úti í skógi að skreyta skóginn þannig með „augum Guðs“.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Hægt vinna hvenær sem er ársins.

Tvær 30-40 cm langar trjágreinar. Gott er að nota annars árs sprota frekar en nýja árssprota sem eru stundum of mjúkir og gefa eftir.

Garn í mismunandi litum.

Tekið úr bókinni *Vefnaður: leiðbeiningar fyrir kennara í fyrstu bekkjum grunnskóla* eftir Sigríði Halldórsdóttur. Benda má einnig á verkefnahefti Menntamálastofnunar, *Að vefa utan vefstóls* eftir Hönnu Ósk Helgadóttur.